

Heil og sæl,

Ég er með fyrirspurn til ykkar, varðandi verkefni sem ég er að fara af stað með 2019. Landsbyggðarleikhús, þar sem markmiðið er að koma leiklistinni til landsbyggðarinnar og fyrir allan aldur. (Gætuð sagt, að sinna því hlutverki sem Þjóðleikhúsið ætti vera gera. )

Markmiðið er að koma með 3 verk yfir næsta ár á landsbyggðina, Barnaleikrit, drama leikrit, og svo gaman leikrit.

Afhverju er ég að senda ykkur?

Ég sjálfur ólst upp út á landi og aldrei kom neitt svona til okkar. Það þreytir mig að landsbyggðin sé höfð útundan í þessum málum og í stað þess að kvarta í hljóði yfir því, þá hef ég ákveðið að gera eitthvað í því.

Svona er ekki ókeypis og er ég að leita af stuðning við verkefnið í hverju sveitarfélagi sem myndi vilja styðja svona verkefni og fá smá leikhús í bæinn sinn.

Erum að leitast eftir því að sækja um 150.000 til 225.000 krónur í styrk frá hverju sveitarfélagi sem vill styðja ásamt því að fá afnot af sýningaraðstöðu. og þá er búið tryggja það að sýningarnar komi í sveitarfélagið ykkar.

Ef þið hafið ekki tók á hvort þið gætuð hjálpað okkur finna fyrirtækin á svæðinu sem væru einnig til að styðja þetta verkefnið.

Það myndi kosta inná sýningar einnig, en með þessu framlagi myndi vera hægt að hafa miðverð lágt svo allir þeir sem hefðu áhuga á gætu farið. Miðaverð verður allt að helmingi ódýrara en í Þjóðleikhúsið.

En hver er ég?

Jóel Sæmundsson og er leikari og kláraði leiklistarskóla 2009 og hef unnið við þetta síðan þá, leikið, skemmt, búið til leikrit, þýtt, framleitt og leikstýrt.

Hérna er linkur til sjá aðeins um mig <https://www.imdb.com/name/nm1937889/> og annar sem ætti innihalda leikhús

líka: [https://pro.imdb.com/name/nm1937889?ref\\_=hm\\_nv\\_mp\\_profile](https://pro.imdb.com/name/nm1937889?ref_=hm_nv_mp_profile)

Ef þetta vekur áhuga ykkar þá endilega megið svara mér og segja mér og þið fáið sent fjárhags áætlun og nánari útlistun á verkefninu.

Hlakka til að heyra frá ykkur.--

Bestu kveðjur / All the best

Joel Saemundsson

+(354) 698-1638

